

Rangárþing ytra
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 25. júlí 2018
UST201806-037/K.S.J.
10.04.03


Efni: Deiliskipulag – Öldur – Hella – Rangárþing ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 4. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi íbúðarsvæðis Öldur III á austursvæði Hellu. Skipulagssvæðið er alls 12 ha.


Umhverfisstofnun hefur farið yfir uppdrátt yfir Öldur III og greinargerð ásamt umhverfisskýrslu. Umhverfisstofnun telur að Helluvangur norðan Eyjasands sé óþarfur. Það að tengja íbúðargötur bæði við Langöldu og Helluvang mun skapa óþarfa gegnumakstur um þær, sem eingöngu leiðir af sér aukna slyshættu og hávaðamengun fyrir íbúa. Að mati Umhverfisstofnunar mun tenging í hverfið um Helluvang að Eyjasandi og þaðan um Langöldu skapa gæðaumhverfi þar sem ekki er óþarfa umferð um íbúðargötur.

Beðist er velvirðingar á að dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllst



Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur



Agnar B Bragason
Teymisstjóri